



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins – Innkaup umhverfis- og skipulagssviðs hjá Smith & Norland hf. (US200184).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí sl., var eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Í yfirliti um innkaup Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar í eignasjóði yfir 1. mkr. fyrir tímabilið janúar - desember 2019 kemur fram að Smith og Norland hf. hafi fengið greiddar tæpar 104 milljónir á árinu vegna ýmissa kostnaðarliða er snúa að umferðarljósum.

- 1. Var farið í útboð vegna þessara verkþátta?*
- 2. Ef ekki - hvers vegna var það ekki gert?*
- 3. Eru samningar til á milli fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar um þessa verkþætti?*

Samkvæmt tilgreindu yfirliti greiddi umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar samtals 98.688.476 kr. til Smith & Norland hf. vegna margvíslegrar þjónustu- og vörukaupa árið 2019. Tveir kostnaðarliðir eru fyrir mistök tvíteknir í yfirlitinu og er rétt upphæð **89.942.034 kr.**

Stærsti kostnaðarliður framangreinds yfirlit er vegna uppfærslu á miðlægri stýringu umferðarljósa, samtals 39.357.700 kr. Gerður var samningur milli fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar um innkaupin. Innkaupin voru samþykkt í innkauparáði 27. maí 2019. Um var að ræða samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar í samræmi við b. lið 22. gr. þágildandi innkaupareglna borgarinnar.

Næsti kostnaðarliður er *göngu- og hjólastígar*, samtals 14.902.858 kr. Þar er að mestu leyti um að ræða samningskaup á umferðarljósabúnaði við Bústaðaveg og kaup á jarðstreng.

Þriðji kostnaðarliður er *umferðarljós ný*, samtals 16.760.509 kr. Þar er að mestu leyti um að ræða samningskaup á umferðarljósabúnaði við Sæbraut og Landspítalann, auk kaup á jarðstrengjum fyrir m.a. Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Sæbraut.



Fjórði kostnaðarliður er *umferðarljós*, samtals 9.896.457 kr. Þar er að mestu leyti um að ræða samningskaup á varahlutum og kostnað vegna viðgerðar á búnaði.

Síðasti kostnaðarliðurinn er *gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun)*, samtals 4.935.076 kr. Þar er að mestu leyti um að ræða samningskap á gangbrautarljósum, handboðum og kaup á jarðstreng.

Kostnaður tengdur nýbyggingum og viðhaldi grunnskóla, samtals 4.089.434 kr., er skrifstofunni óviðkomandi.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri